

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2006 frá 28. apríl 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/656/EB frá 14. september 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/233/EB að því er varðar skrá yfir rannsóknarstofur sem heimilt er að kanna árangur þess að bólusetja tiltekin húsdýr, sem eru kjötætur, gegn hundæði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/755/EB frá 25. október 2005 um breytingu á ákvörðunum 2005/92/EB og 2005/93/EB varðandi útflutning á tilteknum afurðum til þriðju landa ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/763/EB frá 28. október 2005 um breytingu á ákvörðun 2005/393/EB að því er varðar takmörkunarsvæði með tilliti til blátungu á Spáni ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/764/EB frá 28. október 2005 um breytingu á ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að sýslan Grosseto í héraðinu Toscana á Ítalíu sé laus við öldusótt (*B. melitensis*) og ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að Frakkland sé laust við öldusótt í nautgripum ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/768/EB frá 28. október 2005 um breytingu á ákvörðun 2001/618/EB í því skyni að bæta umdæminu A in í Frakklandi við skrána yfir svæði sem eru laus við Aujeszky-veiki ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/773/EB frá 3. nóvember 2005 um að fella úr gildi ákvörðun 2003/136/EB um að samþykka áætlanir um að útrýma svínapest í villtum svínum og um neyðarbólusetningu villtra svína gegn svínapest í Lúxemborg ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 86, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 241, 17.9.2005, bls. 63.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 284, 27.10.2005, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 288, 29.10.2005, bls. 54.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 288, 29.10.2005, bls. 56.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 290, 4.11.2005, bls. 27.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 45.

- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/828/EB frá 23. nóvember 2005 um breytingu á ákvörðun 2005/393/EB að því er varðar takmörkunarsvæði með tilliti til blátungu á Spáni ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1974/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á X. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar innlendir tilvísunarrannsóknarstofur og sérstök áhættuefni ⁽⁹⁾.
- 10) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1974/2005 og ákvarðana 2005/656/EB, 2005/755/EB, 2005/763/EB, 2005/764/EB, 2005/768/EB, 2005/773/EB og 2005/828/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 311, 26.11.2005, bls. 37.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 317, 3.12.2005, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2006

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 130. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/92/EB) í hluta 1.2 og 2. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/93/EB) í hluta 5.2:

„, eins og henni var breytt með:

– **32005 D 0755**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/755/EB frá 25. október 2005 (Stjtíð. ESB L 284, 27.10.2005, bls. 8).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 33. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB) í hluta 3.2:

„– **32005 D 0763**: ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/763/EB frá 28. október 2005 (Stjtíð. ESB L 288, 29.10.2005, bls. 54),

– **32005 D 0828**: ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/828/EB frá 23. nóvember 2005 (Stjtíð. ESB L 311, 26.11.2005, bls. 37).“
3. Texti 21. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/136/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2 falli brott.
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 32. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/362/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:

„33. **32005 D 0773**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/773/EB frá 3. nóvember 2005 um að fella úr gildi ákvörðun 2003/136/EB um að samþykkja áætlanir um að útrýma svínapest í villtum svínum og um neyðarbolusetningu villtra svína gegn svínapest í Lúxemborg (Stjtíð. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 45).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) og 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:

„– **32005 D 0764**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/764/EB frá 28. október 2005 (Stjtíð. ESB L 288, 29.10.2005, bls. 56).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB) í hluta 4.2:

„– **32005 D 0768**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/768/EB frá 28. október 2005 (Stjtíð. ESB L 290, 4.11.2005, bls. 27).“
7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 76. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/233/EB) í hluta 4.2:

„– **32005 D 0656**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/656/EB frá 14. september 2005 (Stjtíð. ESB L 241, 17.9.2005, bls. 63).“
8. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„– **32005 R 1974**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1974/2005 frá 2. desember 2005 (Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2005, bls. 4).“